



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Maríuborg

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat deilda 2024-2025	8
4.1	Innra mat Púfu	8
4.2	Innra mat Lautar	9
4.3	Innra mat Lundar	10
4.4	Innra mat Brekku	11
4.5	Innra mat Maríustofu.....	12
4.6	Innra mat sérkennslu	13
5	Umbótaáætlun deilda 2025-2026	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	16
8	Foreldrasamvinna.....	17
9	Skipulagsdagar	17
10	Fylgiskjöl	17
10.1	Leikskóladagatal.....	18
10.2	Umsögn foreldraráðs	19





1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað í Maríuborg, leikskólinn var fullmannaður og ný börn voru aðlöguð á allar deildir. Í byrjun haustsins urðu breytingar í stjórnendateymi leikskólans og bæði nýr aðstoðarleikskólastjóri og nýr sérkennslustjóri hófu störf. Um miðjan september var töluvert um veikindi í starfsmannahópnum og þurfti að bregðast við því með fastri fáliðun í nokkrar vikur. Það dró svo úr veikindum og hlutastarfsfólk jók starfshlutfall svo hægt var að draga fasta fáliðun til baka.

Um áramótin voru gerðar skipulagsbreytingar í eldhúsi Maríuborgar og var því útvistað til Matartímans frá byrjun janúar. Vegna breytinga, veikinda og fáliðunar skapaðist ákveðið óöryggi og óeirð hjá foreldrum, starfsfólki og börnum. Í lok janúar fór leikskólastjóri í leyfi og lét hann af störfum í framhaldi af því. Undirrituð tók við stöðu leikskólastjóra og mun stýra leikskólanum þar til ráðið verður í stöðu leikskólastjóra Maríuborgar.

Í byrjun febrúar og fram í miðjan maí þurfti að grípa aftur til fastrar fáliðunar vegna manneklu í leikskólanum, bæði vegna langtímaveikinda og erfiðleika við að ráða í lausar stöður. Á meðan fáliðun stóð var börnunum skipt upp í hópa með tilliti til forgangsbarna og systkina til að koma eins mikið til móts við foreldra og hægt var. Mikið álag var bæði á foreldrum og starfsfólki á þessu tíma og eiga allir miklar þakkir skyldar fyrir samvinnu og skilning. Þrátt fyrir fáliðun og álag var starfsfólk jákvætt og lagði mikið í að hlúa vel að börnunum, byggja upp faglegt starf og vann þétt saman þvert á deildir. Frá mars fram í maí var unnið að sameiginlegu eldgosaverkefni á öllum deildum í takt við aldur barnanna. Í lok maí var svo opið hús í leikskólanum þar sem verk barnanna voru til sýnis og myndasýning af eldgosiferlinu á öllum deildum. Opna húsið var vel sótt og ríkti gleði og ánægja hjá börnum, fjölskyldum þeirra og starfsfólki með vel heppnaða samveru.

Í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkur var áhersla á læsi, félagsfærni og sjálfshjálp, á hverri deild miðað við aldur barnanna. Það verður áfram unnið með þessar áherslur á öllum deildum út frá menntastefnunni. Læsisteymi var stofnað í leikskólanum eftir páska, sem mun vinna að því að skrifa læsisáætlun Maríuborgar næsta vetur. Þá verður sérstaklega unnið að því að samræma vinnubrögð þvert á deildir í læsi og unnið að sjónrænum skipulögum á öllum deildum með tilliti til þarfa barnanna á hverri deild fyrir sig.

Tekin var ákvörðun um að fjölga barnaplássum í Maríuborg en svo það verði mögulegt þarf að taka Maríustofu og setja stærra hús þess í stað. Það var því byrjað á að fækka plássum tímabundið þar til nýtt hús kemur og því verða bara fjórar deildir næsta leikskólaár. Á yngri gangi verða tvær deildir, Þúfa og Laut, á eldri gangi verða einnig tvær deildir, Lundur og Brekka. Börnum verður raðað á deildir eftir aldri, þar sem yngstu börnin verða á Þúfu og elstu börnin á Brekku.





Þetta hefur verið ár mikilla breytinga í Maríuborg, sem tekið hefur á börn, starfsfólk og foreldra á ólíkan hátt. Starfsmannahópurinn hefur sýnt styrk og faglegan metnað í starfi, sem verður gott veganesti inn í nýtt leikskólaár. Traust, góð samskipti og gagnkvæm virðing eru lykilþættir sem stuðla að vellíðan okkar allra. Með þessum orðum viljum við þakka fyrir veturinn og hlökkum til að hittast aftur að loknu sumarfríi og hefja nýtt leikskólaár saman.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Lærdómssamfélag- læsisteymi
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum og læsisteymisfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi og læsisteymi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Læsisteymi var stofnað á vormánuðum, í því sitja einn deildarstjóri, sérkennslustjóri, starfsmaður af eldri gangi og starfsmaður af yngri gangi. Við munum halda þessari vinnu áfram með áherslu á að efla samstarf um læsi þvert á deildir.

Hvað var metið?	Teymisvinna
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum og deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í faliðun reyndi á teymisvinnu og munum við nýta þá reynslu inn í næsta leikskólaár. Á eldri og yngri göngum var unnið þvert á árganga í ákveðnum verkefnum og gekk það vel.

Hvað var metið?	Dreifð forysta
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum og deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk





Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Verkefnum hefur verið dreift meira á starfsfólk með áherslu á sterkar hliðar þeirra í starfi. Áhersla var á að efla sjálfstæði þeirra í leik og starfi með börnunum. Áfram verður lögð áhersla á að dreifa ábyrgð og efla samvinnu starfsfólks.
---	---

Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Gallup sendi könnun í október – desember 2024
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Heildarmat könnunarinnar hafði lækkað í 3,77 síðan í fyrra. Mest varð lækkunin á ímynd, ánægju og stolti en hækkun varð á sjálfstæði í starfi og taldi starfsfólk markmið með starfi sínu skýr og það hefði áhrif á það. Tækifæri til umbóta felast í því að hlúa að starfsfólki og byggja upp góðan starfsanda með markvissu hópefli fyrir starfsmenn og endurvinna starfsmannahandbók í sameiningu.

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun foreldra
Hvernig fór matið fram?	Skóla- og frístundasvið sendi könnun í mars 2025
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar, þátttaka var 91,5%
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu niðurstöður benda til þess að foreldrar séu ekki ánægðir með leikskólann en telja þó flestir að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. Um það bil helmingur svarenda telur barnið öruggt og að leikskólinn styðji við þarfir barnanna. Það eru töluverð tækifæri til umbóta í að endurvinna traust foreldra og vinna með þeim að því að byggja upp notalegt andrúmsloft og auka ánægju með leikskólann.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi
Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?	Skrifa læsisstefnu Maríuborgar
Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegir læsisteymisfundir
Ábyrgð	Stjórnendur og læsisteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Apríl 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið? (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með útgáfu læsisáætlunar í maí 2026. Metið á fundum.
Viðmið um árangur	Læsisáætlun tilbúin

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málstefna
Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?	Búa til málstefnu í Maríuborg
Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla um málstefnuvinnu á skipulagsdegi í október.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	september 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið? (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með útgáfu málstefnu í maí 2026. Metið á fundum.
Viðmið um árangur	Málstefna tilbúin





Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Vellíðan á vinnustað - Starfsmannahandbók
Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?	Meiri vellíðan starfsfólks á vinnustaðnum
Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?	Endurskoða starfsmannahandbók, leggja áherslu á hópefli og að skemmtinefnd verði virkjuð betur
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið? (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannakönnun á haustönn og mat starfsfólks í lok vorannar 2026.
Viðmið um árangur	Starfsmannahandbók verði tilbúin, að betri árangri sé náð í starfsmannakönnun

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Fagleg handleiðsla fyrir deildarstjóra
Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?	Efla deildarstjóra sem stjórnendur í stjórnun og skipulagningu fagstarfs
Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegir fundir á 4 – 6 vikna fresti. Áherslur í samræmi við þarfir deildarstjóra.
Ábyrgð	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið? (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á fundum á 4 – 6 vikna fresti.
Viðmið um árangur	Að deildarstjórar styrkist sem stjórnendur





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Innra mat Þúfu

Þúfa er yngsta deild leikskólans en í vetur voru þar 16 börn fædd 2022-2023 og fjórir starfsmenn. Nýr deildarstjóri tók við deildinni í janúar.

Styrkleikar

Starfið á Þúfu gekk vel í vetur og var mjög ánægjulegt. Að mestu leyti hefur gengið vel að fylgja dagskipulagi en eftir áramót reyndi það örlítið meira á vegna erfiðra aðstæðna, breytinga á starfsfólki o.þ.h. Seinni hluta vorannar hefur það þó gengið vel og á leikskólanum hefur verið unnið að því að samræma verklag þegar kemur að sjónrænu skipulagi.

Á Þúfu hangir dagskipulag uppi á vegg og setur kennari daginn upp með börnunum á morgnana ásamt því að fara yfir veðrið og fötin sem skal klæða sig í fyrir útiveru. Einnig vinnur starfsfólk með lyklakippur með sjónrænum vísbendingum. Við náðum nánast undantekningarlaust að fara út að leika en einnig fórum við í ferðir og göngutúra um hverfið okkar. Vel gekk að skipta barnahópnum niður á svæði leikskólans sem voru vel nýtt. Samverustundir gengu vel og voru börnin áhugasöm og dugleg að taka þátt. Samverustundir eru á hverjum degi fyrir hádegismat, kl. 11:25-11:45. Þær eru fjölbreyttar en unnið er með Lubba og Blæ einu sinni í viku. Aðra daga höfum við t.d. lesið loðtöflusögur eða bækur, þjálfað hljóðkerfisvitund, lært um fugla- og blómategundir sem algengar eru á Íslandi, sungið og fræðst um hin ýmsu viðfangsefni eins og litina, tölustafina, líkamshluta, eldgos og fleira. Við miðum umræðuefnin, lögin, bækurnar og leikina sem við notum í samverustundum mikið að áhugasviði barnanna.

Sjálfhjálp barnanna hefur eflst mikið í vetur og höfum við lagt áherslu á að börnin gangi frá eftir sig að loknum matmálstíma og fá þau gjarnan hlutverk eins og að sækja eða skila matarvagni og skila þvotti í þvottahús með kennara. Börnin hafa verið hvött til að klæða sig í og úr útifötum sjálf og/eða nota orðin sín til að biðja um aðstoð. Lestrarstundir eða íhlutun í litlum hópum fer fram á hverjum degi. Þá er börnum skipt niður eftir færni sinni í íslensku og er markmiðið að auka íslenskan orðaforða þeirra.

Tækifæri

Í haust viljum við koma hljóðfærastundum betur inn í starfið. Reynt var að hafa fastar hljóðfærastundir einu sinni í viku en það hefur gengið misvel. Sömuleiðis viljum við auka samstarf við





Laut og að börnin fái að hittast meira, leika og eiga í samskiptum. Í haust viljum við halda lestrarstundunum í litlum hópum áfram en tryggja betri eftirfylgni með framkvæmd þeirra og jafnvel gera á þeim skráningar. Einnig viljum við auka málörvunarstundir og gera þær fjölbreyttari. Jafnframt viljum við leggja áherslu á að fara í fleiri göngutúra um fallega hverfið okkar. Veturinn sem er að líða höfum við farið í heimsóknir í Guðríðarkirkju og á bókasafnið í Úlfarsárdal. Í haust viljum við gjarnan gera ferðirnar fleiri og fjölbreyttari. Við ætlum að halda áfram að nota sjónrænt dagskipulag sem hangir uppi á vegg en það hefur hjálpað börnunum mikið, sérstaklega þeim sem eiga erfitt með að fara úr einu í annað eða þeim sem hafa slaka íslenskufærni.

4.2 Innra mat Lautar

Veturinn 2024–2025 voru 17 börn á Laut, öll fædd á árunum 2021–2022. Á deildinni voru fastar samverustundir daglega, önnur fyrir útiveru og hin fyrir matartímann. Í þessum stundum var m.a. lesið úr loðtöflusögum eða bókum, unnið með þjálfun í hljóðkerfisvitund og farið í Lubba- og Blæstundir. Við stefnum á að halda þessu skipulagi áfram veturinn 2025–2026.

Styrkleikar

Á Laut er dagskipulagið sýnilegt á vegg, og kennari fer yfir það með börnunum í upphafi hvers dags. Þetta stuðlar að öryggi og skýrleika fyrir börnin, sem vita þá hvað er fram undan. Nánast undantekningarlaust tókst að fara út að leika daglega, og lögðum við áherslu á útiveru í öllum veðrum. Það gekk vel að skipta barnahópnum niður bæði á sameiginleg svæði leikskólans og inn á deildarsvæði, sem skapaði tækifæri fyrir fjölbreytta leiki og persónulegri samskipti í minni hópum. Við lögðum sérstaka áherslu á samverustundir á hverjum degi, þar sem Lubbi og Blær áttu fastar stundir tvisvar í viku inni á deild. Aðra daga nutum við þess að lesa loðtöflusögur eða bækur, syngja saman og fræðast um fjölbreytt viðfangsefni, svo sem liti, tölustafi, líkamshluta og margt fleira. Á morgnana voru einnig haldnar styttri samverustundir þar sem farið var yfir dagskipulagið, rætt um veðrið og rætt hvaða fatnað þyrfti að klæðast fyrir útiveru.

Tækifæri

Í haust viljum við að bæta okkur í því að samræma verklag þegar kemur að sjónrænu skipulagi og ætlum við að leggja áherslu á að hver og einn starfsmaður noti lyklakippur með sjónrænum vísbendingum. Fyrir áramót var flæði milli Lautar og Þúfu fast á dagskrá einu sinni í viku. Eftir áramót gekk það ekki eins vel en við viljum halda áfram með það skipulag í haust. Einnig viljum við fara í fleiri göngutúra um fallega hverfið okkar og fjölbreyttari ferðir. Okkur dettur til dæmis í hug að hægt væri





að heimsækja önnur bókasöfn, heimsækja lögreglustöðina hér í hverfinu og skoða náttúruna umhverfis leikskólann. Í haust viljum við koma hljóðfærastundum/fugla og blómakennslu betur inn í starfið, þar sem við höfum reynt að hafa þessar stundir fastar tvisvar sinnum í viku en það hefur gengið misvel. Að lokum viljum við festa málörvunarstundir í vikulegt skipulag með það að markmiði að styrkja málþroska barnanna með markvissum hætti. Við munum byrja á því að hafa slíkar stundir einu sinni í viku og þróa það áfram eftir þörfum.

4.3 Innra mat Lundar

Veturinn 2024-2025 var 21 barn á Lundi, 12 strákar og 9 stelpur. 11 börn fædd 2019 og 10 börn fædd árið 2020. Haustið byrjaði brösuglega en nýr deildarstjóri tók við deildinni í október. Töluvert var um starfsmannabreytingar en um miðja vorönn skapaðist meira festa og starfsmannahópurinn þéttist. Unnið var bæði með barnahópinn í heild sinni á deildinni en einnig vorum við í miklu samstarfi við Brekku þar sem árgangar unnu verkefni saman og fóru saman í ferðir. Við vorum með fastar samverustundir daglega, fyrir útiveru og fyrir matartíma. Einu sinni í viku fóru þau börn sem voru skráð í fótbolta í Ingunnarskóla.

Styrkleikar

Helsti styrkleiki starfsins á Lundi í vetur var að vinna og fylgja eftir þematengdum verkefnum. Börnin gerðu sjálfsmyndir, vina-og vinkonumyndir, ömmu og afamynd og fjölskyldumynd. Við lærðum um heilsuna, tókum umræðu um hvað er hollt og óhollt og unnum með tannvernd. Í kjölfarið unnu börnin tannverkefni. Við unnum líka með sjópema og útbjuggum marglyttur sem hengdar voru inni á deild. Við tengdum verkefnin við útikennslu og söfnuðum efnivið sem börnin nýttu í verkefnin sín. Frá mars var sérstakt eldgosapema hér í öllum leikskólanum. Við bjuggum til eldgosamyndir og leiruðum fyrir stóra sameiginlega verkefnið í mars. Í apríl tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíðinni. Þau æfðu lög og komu fram í Hörpu þann 7. apríl. Við fórum líka í ýmsar vettvangsferðir með elsta árganginn. Þau heimsóttu m.a. Alþingi og Hvalasafnið. Við fórum líka í ferðir á bókasafnið í Dalskóla. Elstu börnin fóru líka í reglulegar skólaheimsóknir í Ingunnarskóla. Lubbi hefur gengið mjög vel hjá okkur í vetur en við náðum að fara yfir öll málhljóðin. Einnig hafa verið fastar samverustundir og þær nýttar í að kenna lög og lesa sögur, ýmist öll saman eða skipt í hópa eftir aldri og getu barnanna. Einnig var unnið markvisst í verkefnahefti í hverri viku.





Tækifæri

Á næsta skólaári viljum við leggja áherslu á að festa betur í sessi dagskipulag fyrir bæði börn og starfsfólk. Einnig að vinna markvisst með þá árganga sem verða á deildinni, bæði saman og í sitthvoru lagi. Við viljum skipta barnahópnum í minni hópa í verkefnum til að hvert barn fái tækifæri til að njóta sín en einnig viljum við ná að gera fleiri skapandi verkefni í listasmiðju. Við viljum efla læsi á deildinni og ná að fara í fleiri vettvangsferðir m.a. á bókasafnið. Einnig að taka fyrir ýmis þemu, meðal annars verkefni og kennslu tengt fugla- og blómategundum.

4.4 Innra mat Brekku

Haustið 2024 byrjuðu 24 börn á Brekku. Miklar mannabreytingar urðu á deildinni fyrir áramót en aðstoðarleikskólastjóri steig inn sem deildarstjóri á deildina þar til nýr deildastjóri hóf störf í mars. Starfsfólk og börn fundu fyrir áhrifum af þessu en nýr deildastjóri ásamt sterkum starfsmannahópi tóku starf deildarinnar föstum tökum og hófu strax handa við að þróa starfið með áherslu á félagsfærni og sjálfsstyrkingu.

Styrkleikar

Við höfum verið dugleg að fá börnin til að koma fram, segja frá og hefur stór partur af starfinu farið í að vinna með vináttuna. Við settum upp sjónrænt skipulag sem við notum á hverjum degi og hefur skilað miklum árangri, en börnin eru farin að læra að fylgja plani og vita hvað er búið og hvað er næst. Við byrjuðum með verkefnið „aðstoðarmaður í útiveru“ sem við tengdum bæði við félagsfærni og umhverfismennt. Verkefnið fól í sér að passa upp á að ekkert barn á Brekku væri eitt úti auk þess að halda utan um ruslapoka og týna rusl á lóðinni og fá önnur börn með sér.

Við höfum lagt mikla áherslu á sjálfshjálp, að klæða sig sjálf, skammta á disk og borða með áhöldum. Það hefur gengið vel. Við unnum líka með Lubba í hverri viku. Börnin unnu ýmis verkefni eins og sjálfsmyndir og verkefni tengt Eldgosapema. Það gekk mjög vel. Við unnum líka sérstakt leynivinaverkefni sem stóð yfir frá mars til maí. Hvert barn perlaði armband fyrir leynivin og bjó til fallett kort. Haldin var svo sérstök vinasamvera þar sem hvert og eitt barn afhenti sínum vin armbandið og kortið. Það heppnaðist mjög vel.

Unnið var að myndbandi með útskriftarhóp þar sem hvert barn svaraði þremur spurningum. Myndbandið heppnaðist mjög vel og var sýnt á útskriftinni í júní og vakti mikla lukku.





Við nýttum veðrið til að fara í bæði stuttar og langar göngur og frá júní fórum við að fara í lengri ferðir, en allur skólahópur fæddur 2019 var inn á Brekku frá 16.júní og fram að sumarfrí sem gaf okkur tækifæri til að skipuleggja skemmtilegar ferðir og að ná að þetta hópinn saman þar til þau fara í grunnskóla.

Tækifæri

Markmið síðasta árs var m.a. að auka teymisvinnu milli Lundar og Brekku. Við höfum unnið með Lundi á milli árganga en þó aðallega með skólahóp. Börnin hafa lítið fengið að flæða á milli deilda og þá sérstaklega yngri hópinn sem hefði mátt vinna betur. Lagt var upp með markvissa danskennslu fyrir skólaárið 2024-2025 en verkefnastjóri skólahóps fór í leyfi og datt því danskennslan sem búið var að leggja upp með út. Mikill tími fór í að ná ró og koma á góðu skipulagi á Brekku og er tækifæri til að ná góðri festu strax í haust aftur. Markmið næsta árs er að hér á Brekku verði unnið markvisst með gott dagskipulag. Lögð verði áhersla á félagsfærni, vináttu og læsi og sérstök áhersla á að efla skólahóp svo hann fái góðan undirbúning fyrir komandi skólaár.

4.5 Innra mat Maríustofu

Veturinn 2024 – 2025 voru 14 börn á Maríustofu fædd árið 2021 en þeim fækkaði í 13 um ármótin. Þar störfuðu þrír starfsmenn. Stofan er fimmta deild skólans en deildinni var lokað 12. júní 2025 og börnin fóru á aðrar deildir en taka á húsið og byggja nýtt sem stefnt er að opni í byrjun árs 2027.

Styrkleikar

Í vetur lögðum við áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti. Vel gekk að vinna með læsi, við vorum með sjónrænt dagskipulag en einnig innleiddum við lyklakippur með sjónrænum vísbendingum sem hver og einn starfsmaður hafði. Unnið var markvisst með Lubba og málhljóðin, við hlustuðum á lögin en einnig voru fastar samverustundir þar sem við unnum með hljóðkerfisvitund og rím, sungum lög og lásúm bækur, m.a. lásúm við einn kafla á viku í bókinni „Lítill bók um stórar tilfinningar“. Við unnum einnig með sjálfshjálpi þar sem við lögðum áherslu á að vinna miðað við þroska og getu barnanna.

Í vetur vorum við með hópastarf þrisvar í viku en börnum var skipt í litla hópa til að þau næðu að njóta sín betur og voru ýmist inn á deild eða inn í húsi á sameiginlegum svæðum, m.a. kubbastofu, Hlynstofu og í salnum. Við vorum einnig dugleg að fara út a.m.k. einu sinni á dag. Við náðum að vinna að flestu sem við lögðum upp með að gera en gönguferðir féllu niður oftast en við hefðum viljað fyrir áramót. Samstarf við foreldra hefur gengið vel í vetur.





4.6 Innra mat sérkennslu

Skólaárið 2024-2025 voru þrjú börn í fyrsta flokki fram að áramótum og tvö eftir áramót. Einn var í öðrum flokki. Nýr sérkennslustjóri kom til starfa í september 2024.

Styrkleikar

Stuðningurinn til barna var mest í barnahópnum sjálfum, en öll fóru þau í einstaklingsþjálfun þar sem unnið var með þá þætti sem þurfti að vinna sérstaklega með. Við lögðum áherslu á að börn sem eru með stuðningstíma séu alltaf hluti af barnahópnum og að allir kennarar taka sameiginlega ábyrgð. Við notuðumst við einstaklingsnámskrár og fylltum út gátlista.

Sjónrænt skipulag var uppfært á öllum deildum í vor. Matsgögnin sem við notumst við eru AEPS, HLÓM -2, EFI-2 og gátlistar.

Málörvunarhópar voru fyrir börn sem komu illa út í HLJOM-2 og EFI-2 ásamt hópum fyrir fjöltýngd börn.

Tækifæri

Sérkennsluteymi verði myndað í skólanum til að halda utan um sérkennslu og snemmtæka íhlutun í leikskólanum. Í teyminu væri sérkennslustjóri, starfsmaður sem sinnti snemmtækri íhlutun og stuðningsaðili barna í fyrsta flokki.

5 Umbótaáætlun deilda 2025-2026

Allar deildir – Brekka, Lundur,

Laut og Þúfa

Tækifæri til umbóta – Hvaða árangri er stefnt að?

Ferilmöppur

Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?

Samræma skráningar milli deilda sem fylgja barninu í gegnum leikskólagönguna. Endurskoða lista yfir það sem á að vera í möppunni sem fylgir þroskaferli barns.
Gera skýrt hvað á að vera í möppunni með tilliti til aldurs og deilda





Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í lok hvorrar annar um það hvort tekist hafi að skrá og setja í möppuna út frá því sem á að vera í möppunni. Börnin koma að mati sem einnig er sett í ferilmöppu.
Viðmið um árangur	Að ferilmöppur séu í takt við þann gátlista sem verður í möppunum.

Yngri gangur – Þúfa og Laut

Tækifæri til umbóta – að hverju er stefnt?	Samvinna á milli deilda, blanda hópnum saman með því að skipta þeim í minni hóp.
Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?	Við viljum auka samstarf milli Þúfu og Lautar í haust.
Ábyrgð	Börnunum af báðum deildum verður skipt í litla vinnuhópa þar sem þau geta unnið meira saman og átt samskipti. Þessa hópa viljum við nýta bæði í leik innanhúss (t.d. stöðvar, verkefnavinna og málörvunarstundir) og í göngutúrum og ferðum. Við viljum einnig koma opnu flæði milli deilda betur inn í skipulagið og auka hljóðfærastundir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Starfsfólk á Þúfu og Laut.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Hefst við upphaf skólaárs, þegar öll börn hafa lokið aðlögun sinni. Lýkur við lok skólaárs.
Viðmið um árangur	Við metum með skráningu og verkefnavinnu, meðal annars með því að taka viðtöl við börn.





Eldri gangur – Brekka og Lundur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi og lestur daglega
Tækifæri til umbóta – að hverju er stefnt?	Að efla lesskilning barnanna og auka úthald
Aðgerðir til umbóta – Hvernig á að framkvæma það?	Festa lesstundir í dagskipulag, virkja alla starfsmenn til þátttöku og ábyrgðar.
Ábyrgð	Starfsfólk á Brekku og Lundi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst við upphaf skólaárs 2025 og lýkur í maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Í lok hvorrar annar með skráningu á lestri, bókum og með viðtölum við börnin.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Veturinn 2024-2025 voru skipulagsdagar nýttir til að styrkja starfsmannahópinn, á einum þeirra kom fræðsla frá ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar. Búið var að skrá alla starfsmenn á ráðstefnu í febrúar sem féll niður vegna veðurs en farið verður á þessa ráðstefnu í febrúar 2026 þess í stað.

- Einn starfsmaður er í leikskólakennaranámi
- Einn starfsmaður lauk fagnámskeiði 1 fyrir leikskólastarfsfólk í maí
- Tveir starfsmenn luku fagnámskeiði 2 fyrir leikskólastarfsfólk í júní 2025
- Flestir starfsmenn fóru á BOFS-námskeið Barna- og fjölskyldustofu
- Sérkennslustjóri fór á AEPS námskeið og var í teymi sérkennslustjóra sem tilheyra Austurmiðstöð.

Leikskólaárið 2025-2026 verður áhersla á eftirfarandi fræðslu:

- Starfsþróunarsamtöl verða tekin tvisvar sinnum, einu sinni á hvorri önn
- Fræðsla sem tengist málstefnu
- Fræðsla sem tengist læsi
- Nýta Torgið í fræðslu fyrir starfsfólk
- BOFS námskeið Barna- og fjölskyldustofu fyrir þá sem ekki hafa klárað það
- Ráðstefna á degi leikskólans í febrúar 2026
- Önnur fræðsla eftir þörfum þegar líður á veturinn





7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mariuborg, ásamt leikskólanum Geislabaugi, er í farsælu samstarfi við Ingunnarskóla og frístundaheimilið Stjörnuland. Í maí var haldinn fundur þar sem tengiliðir allra skóla hittust og fóru yfir áætlun næsta vetrar. Hér fyrir neðan má sjá tímasetta áætlun. Í september er áætlað að halda annan fund til að setja niður nákvæmar dagsetningar og tímasetningar.

mánuður	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
september	Teymisfundur Farið yfir áætlun vetrarins, tímasetningar og samstarf milli skólastiganna	Ingunnarskóli	Tengiliðir allra skóla
október	Skólaheimsókn elstu barna Gengið um skólann með aðstoðarskólastjóra	Ingunnarskóli	Aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjórum í M og G
október	1.bekkur í heimsókn Nemendur í 1. bekk koma í heimsókn í sinn gamla leikskóla og taka þátt í frjálsum leik með börnum	Mariuborg/Geislabaugur	Umsjónarkennarar og deildarstjórar í M og G
nóvember	Dagur íslenskrar tungu 7. bekkur kemur að lesa fyrir leikskólabörnin	Mariuborg/Geislabaugur	Umsjónarkennarar 7. bekkjar og deildarstjórar í M og G
nóvember	Heimsókn elstu barna í frístund Kynning í Stjörnulandi	Stjörnuland	Forstöðumaður frístundar og deildarstjórar M og G
nóvember	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn á Bókasafnið	Ingunnarskóli	Aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjórum í M og G
desember	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í samveru á sal	Ingunnarskóli	Aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjórum í M og G
janúar	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í samveru á sal	Ingunnarskóli	Aðstoðarskólastjóri ásamt deildarstjórum í M og G
febrúar	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn til umsjónarkennara 1. bekkjar	Ingunnarskóli	Umsjónakennarar ásamt deildarstjórum í M og G
mars	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í íþróttatíma	Ingunnarskóli	Íþróttakennarar ásamt deildarstjórum í M og G
apríl	Skólaheimsókn elstu barna Heimsókn í listgreinar	Ingunnarskóli	Listgreinakennarar ásamt deildarstjórum í M og G
maí	Heimsókn elstu barna í frístund og fundur með foreldrum í Ingunnarskóla Börnin leika frjálst í Stjörnulandi á meðan foreldrar koma á fund með aðstoðarskólastjóra þar sem farið er yfir áherslur og kennslufyrirkomulag	Stjörnuland	Aðstoðarskólastjóri, forstöðumaður frístundar og deildarstjórar í M og G
maí	Skilafundur milli skólastiga Fundir milli leikskóla, grunnskóla og frístundar	Ingunnarskóli	Tengiliðir allra skóla ásamt deildarstjórum og umsjónarkennurum





8 Foreldrasamvinna

Áhersla verður lögð á að skapa traust milli leikskólans og foreldra. Foreldrafundur verður haldinn í haust með öllum foreldrum, þar sem áherslur í starfi leikskólans verða kynntar. Kjósa þarf í foreldrafélag og foreldraráð á haustfundinum.

Í framhaldi af haustfundi og kosningu er mikilvægt að festa fundi vetrarins. Annars vegar með foreldrafélagi og hins vegar með foreldraráði í samráði við þá sem verða kosnir og nýta þá fundi til að byggja upp gott samstarf milli foreldra og leikskóla. Ólíkar áherslur eru hjá foreldrafélagi og foreldraráði og verður farið yfir verklag og verkefni á þessum fundum.

9 Skipulagsdagar

22.ágúst 2025

2.október 2025 – sameiginlegur í hverfi

28.nóvember 2025 – sameiginlegur í hverfi

6.febrúar 2026 – sameiginlegur í hverfi

25.mars 2026

11.maí 2026

10 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal

Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Maríuborgar

Halldóra Sigtryggsdóttir

27.júní 2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





10.1 Leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Maríuborg

AGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumarbolun	1 M Appeltingur mánuður	1 M Blekur mánuður	1 L Fjölskið mánuður	1 M Rauður mánuður Félagssýkingum	1 F Svartur mánuður Nýfæddur	1 S Hljóur mánuður	1 S Blár mánuður	1 M Skírnisdagur Gullur mánuður	1 F Grænir mánuður Veisluþjálfingum	1 M	1 M
2 L	2 D	2 F Stjórlandsdagur	2 S	2 D	2 M	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 D	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 D	3 D	3 D	3 F Félagssýkingum langt	3 S	3 M	3 F
4 M Veisluemenn	4 F	4 L	4 D	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 M	4 F	4 L
5 D Sumarbolun	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F Skírnisdagur	5 F	5 S Páskudagur	5 D	5 F	5 S
6 M Sumarbolun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 D Þröfnadinn	6 F Skírnisdagur Dagur leikskólans	6 F	6 M Mánuur / Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F Sumarbolun	7 S	7 D	7 F Bæturdagur gegn leikni	7 S	7 M	7 L Leikskólaárið	7 L	7 D	7 F	7 S Skírnisdagurinn	7 D
8 F Sumarbolun	8 M Dagur læsis	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 D	9 F	9 S	9 D	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 D	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 D	10 D	10 F	10 S	10 M Skíðaleik grunnskóla	10 F
11 M Sumarbolun	11 F	11 L	11 D	11 F	11 S	11 M Skírnisdagur	11 M	11 L	11 M Skírnisdagur	11 F	11 L
12 D Barnum	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 D	12 S	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 D	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 D	14 F	14 S	14 M	14 L Lærdagurinn	14 D	14 F Lærdagurinn	14 F Lærdagurinn	14 S	14 D
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 D Dagur íslenskrar	16 F	16 S Slungu	16 D	16 F	16 M Móðurdagur	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 D Sunnudagur	17 D	17 F	17 S	17 M Móðursýkingum	17 F
18 M	18 F	18 L	18 D	18 F	18 S	18 M Móðurdagur	18 M	18 L	18 M	18 L	18 L
19 D	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Skírnisdagur	19 F	19 S	19 D	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur manntölanna	20 L	20 D	20 F Skírnisdagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F Barna	21 S	21 D	21 F	21 S	21 L	21 M Konudagur - uppífar	21 L	21 D	21 F	21 S	21 D
22 F Skírnisdagur	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - uppífar	22 S	22 M	22 F Umhverfisdagur	22 M	22 M
23 L	23 D	23 F	23 S	23 D Þóðlaugsmessa	23 F Uppífar barna	23 M	23 M	23 F Sumarbolun fyrsti	23 L	23 D	23 F
24 S	24 M	24 F Skírnisdagur	24 M	24 M Móðursýkingum jóla	24 L	24 D	24 D	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 D	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M Stjórlandsdagur	25 F	25 M Mánuur / Hvítasunnudagur	25 F	25 L
26 D	26 F Fyrsti vetrardagur	26 S	26 M	26 F Annar jóla	26 M	26 F	26 F	26 S	26 D	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skírnisdagur	27 F	27 L	27 D	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 D Skírnisdagur	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 D	28 F Útskrift ætla barna	28 S	28 D
29 F	29 M	29 M	29 M	29 M Skírnisdagur	29 F	29 S Hvítasunnudagur	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M
30 L	30 D	30 F	30 S	30 D Skírnisdagur	30 F	30 M Skírnisdagur	30 F	30 L	30 D	30 F	30 F
31 S	31 F	31 F	31 M Gættisdagur	31 L		31 D Skírnisdagur		31 S		31 F	

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Því þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið hálfr dagar eða heilir. Leikskólagjöldi þekkja ekki vegna þessa. Skírnisdagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þessa. Fíndar sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Born sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarhefni. Leikskólastjórntökuverður, að höfdu samráði við starfsmenn og forildaradó viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samkvæmt í tíu til tuttugu virka daga. Stærna skóla- og frístundasviðs er að hvefji hverfi leitt skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



10.2 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2025-2026 Maríuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug Karen Jóhannsdóttir
Halla Tinna Arnardóttir
María Guðlaug Hrafnisdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunarinnar samræmast vel því starfi sem fram fór í leikskólanum á síðasta ári.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er aðgengileg og skýr, og framsetning hennar auðlæsileg.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Hún veitir góða og skýra innsýn inn í starf leikskólans fyrir foreldra og aðra hagsmunaaðila.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við starfsáætlunina. Gott er að sjá að þær áskoranir sem komu upp í leikskólastarfinu í vetur séu ávarpaðar með þeim hætti sem gert er. Þá er einnig margt jákvætt að segja um veturinn – deildirnar og starfsfólkið hafa náð festu og unnið mörg falleg og metnaðarfull verkefni með börnunum. Einnig er jákvætt að sjá að horft er til umbóta og tækifæra á komandi vetri, sem er vel.

Fulltrúar í foreldraráði:

Áslaug Karen Jóhannsdóttir
Halla Tinna Arnardóttir
María Guðlaug Hrafnisdóttir



